



VSÓ RÁÐGJÖF



HRINGVEGUR UM HORNAFJÖRÐ BREYTING Á TENGINGUM – HRINGTORG F

Matsskyldufyrirspurn

Mars 2025



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Forsendur framkvæmdar og tilgangur	2
3	Tilkynningarskylda	3
4	Staðhættir og verndarákvæði	3
4.1	Samræmi við skipulag	4
5	Valkostir	4
6	Framkvæmdalýsing	4
6.1	Efnispörf	6
6.2	Frágangur	6
6.3	Framkvæmdatími	6
6.4	Leyfi sem framkvæmdin er háð	6
7	Umhverfisáhrif	7
7.1	Áhrif á lífríki	8
7.2	Áhrif á fornleifar	14
7.3	Áhrif á vatnshlot	15
7.4	Áhrif á landnotkun	18
8	Samráð	19
9	Niðurstaða mats	19
10	Heimildir	21



1 Inngangur

Framkvæmdir eru í gangi við Hringveg um Hornafjörð en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar lá fyrir 7. ágúst 2009. Vegagerðin áformar að gera hringtorg í stað tveggja T-gatnamóta, eins og fyrirbyggjandi hönnun tilgreinir, á vegkaflanum á milli Hafnar og Nesja.

Í október 2024 sendi Vegagerðin matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar fyrir breytingum á gatnamótunum með tveimur útfærslum að hringtorgum sem fengu auðkennin H og G. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um þá matsskyldufyrirspurn lá fyrir í nóvember sama ár um að framkvæmdin væri matsskyld. Meðal helstu forsenda fyrir þeirri ákvörðun stofnunarinnar var rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi, þar á meðal vistgerð sem telst fágæt. Í samskiptum Vegagerðarinnar við Skipulagsstofnun í kjölfar ákvörðunarinnar, benti stofnunin á þann möguleika að senda nýja matsskyldufyrirspurn með breyttri útfærslu á framkvæmd.

Í nýrri matsskyldufyrirspurn hefur Vegagerðin breytt útfærslu gatnamóta í þeim tilgangi að lágmarka umfang áhrifa á vistgerðir um leið og komið er til móts við markmið framkvæmdar um aukið umferðaröryggi. Það eru brýnir hagsmunir fyrir samfélagið að tryggja örugg gatnamót á þessu svæði. Hringtorgslaun myndi hægja á umferð og draga verulega úr hættu á alvarlegum slysum, þar sem ökumenn þyrftu ekki að þvera hraðbrautina í tveimur skrefum. Jafnframt býður hringtorgið upp á öruggari lausn fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 – 2030.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisáðgerðir og verklagsreglur á framkvæmdatíma til að draga úr mögulegum áhrifum þar á. Áhersla er á að fjalla um umhverfispætti er varða breytingar á framkvæmd og eru þeir lífríki, fornleifar, vatnshlot og landnotkun.

2 Forsendur framkvæmdar og tilgangur

Bæjarstjórn Hornafjarðar óskaði eftir því við Vegagerðina að endurskoða fyrri áætlanir um tvenn T-vegamót á nýja veginum á milli Hafnar og Nesja. Ástæðan er að fyrirséð er að umferð muni aukast á þessum kafla á næstu árum en í bókun bæjarstjórnar, dags 12.04.2024, kemur fram að „umferð mun aukast gríðarlega á næstu árum milli Hafnar og Nesja enda er fyrirhuguð stórbrotin uppbygging bæði í Hoffelli og við Skriðu sem fjölga gistirýmum margfalt. Í Nesjum er þéttbýliskjarni, stór hótél og mikil gisting þegar í boði, tvö tjaldsvæði, flugvöllurinn okkar, gróðrarstöð, stór verktakafyrirtæki og steypustöð ásamt útivistarsvæðum og íþróttahúsi sem notað er fyrir börn sveitarfélagsins sem stunda fimleika. Þarna aka skólabílar daglega og umferðarpungi eykst stöðugt.

Vegagerðin hefur tekið beiðni sveitarfélagsins til skoðunar. Ástæða breytingar á framkvæmd er bætt umferðaröryggi sem grundað er á því að umferðarstraumar norður/suður eru ráðandi í gatnamótunum. Miðað við fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu er ljóst að norður/suður straumar munu verða enn meira ráðandi. Í T-gatnamótalausninni þurfa þessir straumar að þvera mjög hraða umferð (90 km/klst) Hringvegarins, keyra stutta vegalengd og þvera svo aftur Hringvegarumferðina. Með hringtorgi væri umferðarhraði mun hægari og öruggari og því draga verulega úr hættu á alvarlegum slysum. Jafnframt er erfitt og mjög kostnaðarsamt að leysa umferð annarra vegfaranda (gangandi/hjólandi/ríðandi) í T-gatnamótalausninni, en í hringtorgslaun ætti að vera hægt að tryggja þessum vegfarendum nokkuð örugga leið.



3 Tilkynningarskylda

Vegagerðin óskaði eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um málsmeðferð breytingarinnar. Í tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 21.08.2024, kom fram að niðurstaða þeirra væri að tilkynna beri breytinguna til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. tölulið 13.02 í 1. viðauka við lögin. Þó að breytingarnar væru ekki umfangsmiklar miðað við umfang sjálfrar veglagningarinnar um Hornafjarðarfljót og leirur, sjávarfitjar og votlendi þá er um viðkvæmt svæði að ræða. Jafnframt er veglagning á verndarsvæðum tilkynningarskyld skv. tl. 10.08, burtséð frá umfangi eða lengdarviðmiðunum sem koma fram í töluliðnum.

Í október 2024 lagði Vegagerðin fram matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar um breytingar á gatnamótunum með tveimur hringtorgsútfærslum, H og G. Í nóvember sama ár kom ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis að framkvæmdin væri matsskyld, þar sem hún hefði áhrif á vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þar á meðal fágæta vistgerð. Vegagerðin hefur nú breytt útfærslu gatnamóta í þeim tilgangi að draga úr áhrifum á vistgerðir.

Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar byggða á tölulið 13.02 og 10.08 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum (Tafla 3.1). Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem hún fellur í flokk B, sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 3.1 Tilkynningarskylda framkvæmdar til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

10.08	Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.	B
13.02	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.	B

4 Staðhættir og verndarákvæði

Fyrirhuguð breyting á framkvæmd er norður af Höfn í Hornafirði við afleggjarann að Hafnarnesi. Framkvæmdarsvæðið er samkvæmt skipulagi rétt utan við þéttbýlismörk Hafnar. Á þessum kafla mun nýr Hringvegur um Hornafjörð liggja innan svæðis sem er skilgreint sem aðrar náttúruminjar (C-hluti náttúruminjasrár). Um er að ræða svæðið Skarðsfjörður en verndargildi þess felst í lífauðugum leirum og grunnsævi með miklu fuglalífi.

Vegkaflinn er sömuleiðis innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til á framkvæmdahluta náttúruminjasrár (B-hluta), en málsmeðferð framkvæmdahlutans hefur ekki verið lokið af hendi stjórnvalda. Nánari umfjöllun um svæði á náttúruminjasrá er að finna í kafla 7.4 um áhrif á landnotkun.

Votlendi, stærra en 2 ha, sjávarfitjar og leirur eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þessum vistkerfum má ekki raska nema af brýnni nauðsyn. Þessi vistkerfi eru að finna innan athugunarsvæðis framkvæmdar en verða ekki fyrir raski. Nánari umfjöllun um þau eru í kafla 7.1 um áhrif á lífríki.

4.1 Samræmi við skipulag

Aðalskipulag

Samkvæmt Aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030 er landnotkun á framkvæmdasvæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Hjóla-, göngu- og reiðstígur liggur neðan fyrirhugaðs Hringvegar og þverar hann á vegkaflanum sem er hér til umfjöllunar, sjá nánari umfjöllun í kafla 7.4. Í aðalskipulagi er útfærsla gatnamóta ekki tiltekin. Tillögur að hringtorgi eru á sama svæði og gatnamótin eru skilgreind í aðalskipulagi. Framkvæmdin kallar því ekki á breytingu á aðalskipulagi.

5 Valkostir


Í matsskyldufyrirspurn eru borin saman ný útfærsla hringtorgs F við upprunalega útfærslu tenginga við Hringveg um Hornafjörð, skv. umhverfismatsskýrslu, og hringtorga H og G sem voru til umfjöllunar í fyrri matsskyldufyrirspurn verkefnisins.

6 Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felst í breytingu á tengingum við nýjan Hringveg um Hornafjörð. Breytingin felst í því að útbúa hringtorg sem er annars vegar vegtenging Hafnar við Hringveginn og hins vegar tenging við Nesjahverfið og sveitina til norðurs.

Upprunaleg útfærsla tenginga

Upprunaleg útfærsla felur í sér tvenn T-gatnamót (mynd 6.1). Þeir vegfarendur sem eru að fara norður/suður („1“ og „2“ á mynd 6.1), sem eru ráðandi umferðarstraumar, þurfa að koma sér inn á Hringveginn og þvera hann í tvígang. Þarna er hæg umferð að beygja inn á Hringveginn með tiltölulega háum umferðarhraða með tilheyrandi slysaþættu. Vegtenging inn að Hafnarnesi er jafnframt á mjög óheppilegum stað inni á milli T-gatnamótanna og útfærslan í raun undanþága frá hönnunarreglum Vg varðandi fjarlægð milli gatnamóta. Það var réttlætt með lítilli umferð en eins og fjallað er um í kafla 2 um forsendur framkvæmdar er fyrirhuguð uppbygging ferðabjónustu á svæðinu m.a. við Hafnarnes.



Mynd 6.1 Fyrirliggjandi hönnun, tvenn T-gatnamót.

Hringtorgslausn F – ný útfærsla

Mynd 6.2 sýnir nýja útfærslu á hringtorgi þar sem leitast hefur verið við að lágmarka eins og kostur er nýtt rask og rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi.



Mynd 6.2 Ný útfærsla af hringtorgi (F) þar sem dregið er úr umfangi áhrifa á vistgerðir.

Hringtorgslausnir H og G

Í fyrri matsskyldufyrirspurn voru til skoðunar tvær útfærslur á hringtorgslausnum, G og H (mynd 6.3). Fallið hefur verið frá þessum útfærslum en eru hér til umfjöllunar í matsskyldufyrirspurn til samanburðar í mati á áhrifum.




Mynd 6.3 Tvær útfærslur af hringtorgslausnum (G og H) sem voru til skoðunar en fallið hefur verið frá.

Í hringtorgslaun verður Hringvegurinn „einfaldari“, þ.e. ekki verður þörf á tvennum akstursgreindum gatnamótum, með hliðarvösum með tilheyrandi þverun akstursstefna. Umferðarhraði mun verða mun hægari en í fyrirbyggjandi lausn og umferð annarra vegfarenda (gangandi, hjólandi og ríðandi), sem þurfa að þvera veginn, yrði mun öruggari vegna lækkaðs umferðarhraða.

Vegtegund

Gert er ráð fyrir að tengivegir séu af gerðinni C₈ (mynd 6.4) sem er 8 metra breiður vegur með 3,5 metra breiðum akreinum og 0,5 metra breiðum öxlum.



Mynd 6.4 Vegtegund C₈ samkvæmt veghönnunarreglum (Vegagerðin, 2010).

Í kafla 7.3 um áhrif á vatnshlot er umfjöllun um útfærslu vega sem liggja um votlendi.

6.1 Efnisþörf

Heildarefnisþörf framkvæmda við Hringveg um Hornafjörð er hátt í 1.000.000 m³ og er lítil sem enginn munur á milli valkosta með tilliti til efnisþarfar. Efni verður sótt í þær námur sem hafa verið skilgreindar í fyrra umhverfismati framkvæmdar og í útgáfu framkvæmdaleyfa.

6.2 Frágangur

Á framkvæmdartíma og eftir að framkvæmdum er lokið verður vandað til verka við allan frágang þeirra svæða sem verða fyrir raski við vegagerðina. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að skeringar og sár verði ekki höfð opin lengur en nauðsyn krefur. Við frágang verður þess gætt að yfirborð raskaðra svæða falli sem best að aðliggjandi landi. Á grónum svæðum verður reynt að græða upp öll sár og allt jarðrask. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Ekki verður sáð á stöðum þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða. Í samræmi við skilmála sem settir voru inn í framkvæmdaleyfi Hringvegar um Hornafjörð í heild sinni verður votlendi, sem fer undir tengingarnar sem eru til umfjöllunar hér, einnig endurheimt.

Vegagerðin og Umhverfisstofnun hafa gert með sér samstarfssamning hvað varðar útfærslu á frágangi framkvæmdarsvæða. Uppgræðsla verður því unnin í samráði við Umhverfisstofnun, viðkomandi landeigendur og sveitarfélag. Að uppgræðslu lokinni verður fylgst með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Ákvörðun um girðingar meðfram nýjum vegi verður tekin í samráði við landeigendur og sveitarfélagið.

6.3 Framkvæmdatími

Farið verður í framkvæmdir þegar tilskilin leyfi liggja fyrir. Áætluð verklok framkvæmdar um Hringvegur um Hornafjörð eru desember 2025.

6.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Breyting á framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna matsskyldra framkvæmda.



7

Umhverfisáhrif

Helstu áhrifaþættir breytingar á framkvæmd felast í raski vegna veglagningar. Við vinsun umhverfisþátta er lögð áhersla á þá umhverfisþætti sem talið er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um málsmeðferð framkvæmdar, sjá kafla 3, er svæðið einkum talið viðkvæmt með tilliti til vistgerða. Umhverfisþættir til skoðunar í matsskyldufyrirspurn eru lífríki, fornleifar, vatnshlot og landnotkun. Í töflu 7.1 má sjá þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í matinu.

Tafla 7.1 Viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn þessari.

Umhverfisþáttur	Viðmið
Lífríki	Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 - 2030; Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjasráð; Bernarsamningur; Samningur um líffræðilega fjölbreytni.
Fornleifar	Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 - 2030; Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Vatnshlot	Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 - 2030; Lög um stjórn vatnamála 36/2011; Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027; Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns; Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns; Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
Landnotkun	Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 - 2030.

Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (tafla 7.2) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 7.2 Vægiseinkunnir umhverfisþátta

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
- Veruleg jákvæð breyting á einkennum. - Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. - Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. - Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega. - Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	- Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. - Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta. - Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. - Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.	- Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. - Skortur á upplýsingum. - Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga. - Óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.
		Engin áhrif / á ekki við
		Engin áhrif / á ekki við.
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
- Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. - Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. - Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta verulega. - Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.	- Breyting á einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. - Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta. - Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf. - Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	- Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks. - Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta. - Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. - Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.


7.1 Áhrif á lífríki

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun, 2024) fer hringtorg F einkum um vistgerðirnar gulstararflóavist, starungsmýrarvist og grasmóavist (Mynd 7.1). Allar þessar vistgerðir eru útbreiddar á Íslandi, hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Hringtorg F felur í sér minna nýtt rask samanborið við aðrar tillögur að hringtorgum (G og H). Þar sem hringtorgið liggur að hluta í núverandi vegstæði. Auk þess fer hringtorg F ekki um sjávarfitjungs- og gulstararfitjavist sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og teljast fágætar. Sjávarfitjungs- og gulstararfitjavist finnst innan 9% landsreita og gulstararfitjavist innan 1% landsreita (Náttúrufræðistofnun, 2024). Sjá nánari upplýsingar um gulstararfitjavist hér á eftir.


Upprunaleg tillaga að tengingum við Hringveg fer um gulstararflóavist og língresis- og vingulsvist en þar að auki um starungsmýrarvist og víðikjarrvist (mynd 7.3) sem hafa mjög hátt verndargildi og eru lista Bernarsamningsins. Allar vistgerðirnar eru nokkuð útbreiddar á Íslandi. Töluvert rask er þegar til staðar á svæðinu þar sem upprunalegar tillögur að tengingum voru fyrirhugaðar.



Mynd 7.1 Vistgerðir á framkvæmdasvæði sbr. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar ásamt Hringtorgi F (Náttúrufræðistofnun, 2024).



Mynd 7.2 Vistgerðir á framkvæmdasvæði sbr. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun, 2024) ásamt fyrri hugmyndum að hringtorgslausnum G og H.




Mynd 7.3 Vistgerðir á framkvæmdasvæði sbr. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun, 2024) ásamt upprunalegri tillögu að tengingum.

Vegagerðin óskaði eftir því við Náttúrustofu Suðausturlands að þau myndu sannreyna á vettvangi hvort vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði væru í samræmi við Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024). Farið var á vettvang seinnipart ágúst 2024 og voru helstu niðurstöður þær að allar vistgerðir sem skráðar eru á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar á úttektarsvæðinu fundust. Einnig var

skráning fjöruvista staðfest en þær eru ekki greindar nánar til vistgerða (Náttúrustofa Suðausturlands, 2024). Í minnisblaði Náttúrustofu Suðausturlands kemur fram að nákvæm afmörkun vistgerða væri ekki að öllu leyti rétt auk þess sem á svæðinu væri ein vistgerð til viðbótar; gulstararfitjavist sem er mjög fágæt vistgerð sem finnst á innan við 1% landsreita hér á landi og þekkist hún ekki erlendis. Verndargildi hennar er mjög hátt og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Náttúrustofa Suðausturlands, 2024).

Hér á landi er gulstararfitjavist einkum útbreidd á Hornafjarðarsvæðinu. Mynd 7.4 sýnir útbreiðslu vistgerðarinnar í Hornafirði. Í fjölríti Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir á Íslandi (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj., 2016) kemur fram að óvissa er um útbreiðslu á landsvísi. Óvissan felst einkum í því að vistgerðakortið er að stórum hluta unnið með fjarkönnun og er gulstararfitjavist ein af þeim vistgerðum sem ekki var hægt að kortleggja með fjarkönnun.



Mynd 7.4 Útbreiðsla gulstararfitjavistar samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun, 2024). Rauður punktur sýnir staðsetningu gatnamóta.

Vegagerðin tók ákvörðun um að kortleggja nánar útbreiðslu gulstararfitjavist á svæðinu og var farið aftur á vettvang í byrjun september 2024. Ekki var talin þörf á nákvæmari kortlagningu annarra vistgerða þar sem afmörkun þeirra var í stórum dráttum sambærileg vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands nema á þeim stöðum þar sem gulstararfitjavistin fannst.

Mynd 7.6 sýnir staðsetningu hringtorgs F ásamt gulstararfitjavist. Mynd 7.7 og Mynd 7.8 sýna staðsetningu fyrri hugmynda um hringtorg (G og H) ásamt gulstararfitjavist.



Mynd 7.5 Gulstararfitjavist. Mynd: Náttúrustofa Suðausturlands



Mynd 7.6 Hringtorg F ásamt staðsetningu gulstararfitjavistar.



Mynd 7.7 Gulstararfittjavist ásamt fyrri hugmyndum að hringtorgum (G og H) til vinstri.



Mynd 7.8 Gulstararfittjavist upprunalegum gatnamótum skv. umhverfismati 2009.

Samkvæmt upplýsingum um ofangreindar vistgerðir á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun, 2024) er ríkt fuglalíf innan flestra þeirra einkum vaðfuglar og/eða andfuglar. Ekki er varpland í sjávarfittungsvist en vistgerðin er mikilvægt fæðuöflunarsvæði, einkum andfugla og vaðfugla.



Votlendi, stærra en 2 ha, leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Forðast ber að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Með hringtorgi F verður ekki rask á sjávarfitjum (sjávarfitungsvist og gulstararfitjavist) líkt og með hringtorgum G og H. Rask verður á votlendi en valkostir hafa ekki áhrif á votlendi sem falla undir stærðarviðmið um sérstaka vernd. Ekki verður rask á leirum.

Tafla 7.3 sýnir heildarumfang á raski vegna hringtorgs F ásamt fyrri hugmyndum að gatnamótum. Hringtorg F felur í sér minna nýtt rask samanborið við aðrar tillögur að hringtorgum, þar sem það er að stórum hluta í núverandi vegstæði (Mynd 6.2).

Tafla 7.3 Áætlað heildarumfang á raski vegna hringtorgs F ásamt fyrri hugmyndum um tengingar við Hringveg um Hornafjörð. Verkhönnun er ekki að fullu lokið.

	Umfang á raski (m ²)
Hringtorglausn F	17.500 m ²
Upprunaleg tillaga	8.400 m ²
Hringtorgarlausn G	14.300 m ²
Hringtorgarlausn H	21.700 m ²

Í kafla 6.2 er gerð grein fyrir frágangi og helstu mótvægisáðgerðum vegna rasks ásamt vöktun. Mótvægisáðgerðir fela einkum í sér vandaðan frágang, sáningu á völdum stöðum og endurheimt votlendis. Unnið hefur verið að uppgræðsla í tengslum við Hringveg um Hornafjörð í samráði við Umhverfisstofnun og mun það halda áfram þar til framkvæmdinni í heild sinni er lokið. Að lokinni uppgræðslu verður fylgst með framvindu gróðurs og hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu.

Niðurstaða mats:

Með nýrri útfærslu á hringtorgi (F) hefur verið dregið úr raski samanborið við fyrri hugmyndir auk þess sem ekki verður rask á vistgerðum sem eru fágætar. Allir tillögur um tengingar við Hringveg um Hornafjörð sem hafa verið skoðaðar fara um vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi auk þess að vera á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Ekki verður rask á vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Umfang á raski vegna breytinga á gatnamótum telst lítill hluti framkvæmda í heild við nýjan Hringveg um Hornafjörð. Áhrif eru staðbundin og eru áhrif hringtorgs F metin óveruleg til neikvæð.

Áhrif á lífríki			
Lýsing áhrifa	Staðbundið rask á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi.		
Mótvægisáðgerðir	Vandaður frágangur, sáning á völdum stöðum og endurheimt votlendis. Vöktun verður á framvindu gróðurs og hættu á jarðvegsrofi.		
Niðurstaða	Upprunaleg tillaga	Hringtorgslausn G og H	Hringtorgslausn F
	Óveruleg til neikvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif



7.2 Áhrif á fornleifar

Ný staðsetning á hringtorgi (F) kemur til með að raska garðlagi (Dilksnes 159472 20-4). Mynd 6.2 sýnir útlínur framkvæmdar í samhengi við fornleifar á svæðinu.

Í fyrri matsskyldufyrirspurn óskaði Vegagerðin eftir áliti frá Minjastofnun Íslands um hringtorg H og G. Þar kom fram að vegtenging við hringtorg G myndi ná inn fyrir friðhelgunarsvæðis garðlagsins (Dilksnes 159472 20-4). Hringtorg H væri fjær garðlaginu en myndi liggja nálægt öðru garðlagi (Dilksnes 159472 20-5). Minjastofnun Íslands lagði áherslu á að þessar fornleifar yrðu merktar á vettvangi á framkvæmdartíma.

Jafnframt var bent á í tölvupósti Minjastofnunar að áður en framkvæmdir hefjast myndi minjavörður vilja skoða svæðið næst þjóðveginum þar sem það kann að hafa fallið utan við skráninguna.

Samanber umhverfismatsskýrslu Hringvegar um Hornafjörð (Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, 2009), raska upprunalegar tengingar ekki fornleifum. Önnur tengingin mun ná inn fyrir friðhelgunarsvæðis garðlags (Dilksnes 159472 20-4) (mynd 6.1) og þarf að taka tillit til við framkvæmdir. Tengingarnar liggja einnig nálægt bæjarhóli undir klettaholti (Hafnarnes 159558 19-2) en ekki er farið inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifarinnar.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Það er óheimilt að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15 m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Einnig er bent á að fornleifar eru víða í kring um fyrirhugað framkvæmdarsvæði og aðeins eru þær sem standa því næst áhrifasvæði framkvæmdanna merktar á vettvangi. Með því að láta afstöðu þeirra koma fram á verkeikningum er verið að upplýsa verktaka og aðra framkvæmdaraðila um tilvist þeirra.

Niðurstaða mats:

Í samanburði við aðrar útfærslur felur Hringtorg F í sér meira rask á fornleifum og kallar framkvæmd á leyfi Minjastofnunar Íslands. Áhrif eru staðbundin og óafturkræf og metin óveruleg til neikvæð. Fyrir aðrar útfærslur eru áhrif metin óveruleg.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laganna, verður haft samband við stofnunina og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Áhrif á fornleifar			
Lýsing áhrifa	Hringtorg F mun raska einum fornleifum.		
Mótvægisáðgerðir	Nálægar fornleifar verða merktar í samráði við minjavörð.		
Niðurstaða	Upprunaleg tillaga	Hringtorgslausn G&H	Hringtorgslausn F
	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif



7.3 Áhrif á vatnshlot

Rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB) var innleidd árið 2011 með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fylgdu tvær reglugerðir, nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Markmið tilskipunarinnar er að ástand yfirborðs- og grunnvatns sé ávallt gott og er gerð sú krafa að öll yfirborðsvatnshlot séu í góðu vist- og efnafræðilegu ástandi og öll grunnvatnshlot séu í góðu efnafræðilegu ástandi og hafi góða magnsstöðu og viðhaldist þannig (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022).

Umfjöllun um áhrif á vatnshlot taka mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (Umhverfisstofnun, 2024). Hér á eftir er fjallað um áhrifaþætti framkvæmdar á vatnshlot á framkvæmda- og rekstrartíma (skref 1 Skimun) og gerð grein fyrir gæðapáttum sem geta mögulega orðið fyrir áhrifum (skref 2 Mat á umfangi). Að lokum er framkvæmt mat á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot og gerð grein fyrir leiðum til að forðast eða lágmarka áhrif með áhættuminnkandi aðgerðum og mótvægisáðgerðum (skref 3 Mat á áhrifum).

Grunnvatnshlot

Undir fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er grunnvatnshlotið Austfirðir (102-292-G). Inni á vatnavefsjá (Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands, 2021) er skráð staðbundið álag á vatnshlotið vegna öskuhauga eða sorplosunar. Vatnshlotið eru ekki metið í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott ástand (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022).

Í Vatnaáætlun 2022-2027 (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022) og í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (2024) kemur fram að meta skuli ástand grunnvatnshlota með eftirfarandi efnafræðilegu gæðapáttum: leiðni og styrk mengunarvaldana arsen, kadmíum, blý, kvikasilfur, ammóníum, klóríð, súlfat, fosföt, nítrít og nítröt auk summu tríklóetýlens og tetraklóretýlens og virkra efna í varnarefnum þ.m.t. viðeigandi umbrots-, niðurbrots- og myndefni þeirra. Einnig skal fara eftir reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns um að óheimilt sé að losa mengandi efni í grunnvatn og eru þau listuð upp í töflu 21 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Auk þess má ekki losa forgangsefni í grunnvatn sem eru í töflu 14 í leiðbeiningum.


Fyrir alla valkosti er sú hættu til staðar að mengun berist í grunnvatn ef óhöpp verða t.d. ef olía eða glussi lekur frá tækjum, vörubílum eða bifreiðum. Óheimilt er að losa jarðolúr í grunnvatn skv. reglugerð nr. 797/1999 og skv. töflu 21 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (2024). Til að grunnvatn mengist þarf mengun, sem berst í jarðveg, að síga niður í gegnum jarðveginn og berggrunninn áður en hún nær grunnvatnsborði. Með markvissu viðhaldi og eftirliti verður lögð áhersla á að lágmarka þessa áhættu og á framkvæmdartíma verða gerðar ráðstafanir til að forðast mengunarslys og fyrirbyggja dreifingu mengunar ef mengun berst í jarðveg. Ekkert þeirra efna sem notuð eru til viðmiðunar um að meta ástand grunnvatnshlota eru talin geta borist í grunnvatn vegna framkvæmdanna.

Vegagerð hefur almennt ekki áhrif á magnstöðu grunnvatnshlota, metin út frá hæð vatnsborðs skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (2024), nema þá að óverulegu leyti þar sem vegfyllingar verða (sjá nánari umfjöllun hér að neðan um yfirborðsvatnshlot). Valkostir eru ekki líklegir til að hafa þau áhrif að grunnvatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og góða magnsstöðu.

Yfirborðsvatnshlot

Valkostir liggja meðfram vatnshlotinu Skarðsfjörður (103-56-T) sem flokkast sem árósarvatn. Ekkert skráð álag er á vatnshlotið og gert er ráð fyrir að það nái umhverfismarkmiðum sínum um gott ástand samkvæmt vatnavefsjá (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022). Ekki hafa verið skilgreindir gæðapættir fyrir árósarvatnshlot skv. vatnaáætlun. Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar skal nota almenna lýsingu á matsþáttum sem settir eru fram í reglugerð nr. 535/2011 er varða vatnsformfræðilega, líffræðilega og efnafræðilega þætti. Í töflu 13 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar er yfirlit yfir vatnsformfræðilegu gæðapættina, sjávarföll og formfræði, ásamt matsþáttum þeirra. Einn matsþátturinn er ferskvatnsflæði en áhrif framkvæmdar þar sem vegur er lagður ofan á votlendi gæti haft áhrif á það (sjá nánar hér á eftir). Breytingar á vatnsformfræðilegum þáttum geta síðan breytt líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlots og þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á ástand þess í ákveðnum tilvikum og við ákveðin skilyrði.

Þar sem valkostir fara um votlendi meðfram árósum verður aðkeyrt burðarhæft efni lagt beint ofan á votlendið en slíkur vegur er oft kallaður „fljótandi vegur“ (mynd 7.9). Vegurinn flýtur ekki í raunveruleikanum heldur er jafnvægi milli þunga vegarins og styrkleika jarðefnis í votlendu. Ekki gert ráð fyrir að grafa skurði til að lækka grunnvatnsstöðu eða gera jarðvegsskipti niður á burðarhæfan botn, en með þessu móti verður minna rask á grunnvatnsstöðu votlendis í nágrenni við veg.



Mynd 7.9 Þversnið vegar í votlendi.

Þegar vegur/farg er lagður ofan á votlendi þjappast jarðvegurinn sem getur minnkað lekt jarðvegs og haft þau áhrif að grunnvatnsstaða við veg lækkar. Slík breyting getur mögulega haft áhrif á vatnsskipti með minna ferskvatnsflæði inn í árósin auk þess að hafa áhrif á votlendisgróður. Lögð verður áhersla á að draga úr þessum áhrifum með vali efna í vegfyllinguna, setja ræsi eða aðrar aðgerðir sem jafna vatnstöðuna sitthvoru megin við veg. Eftir því sem fylling er gegndræpari verður minna rask á vatnsbúskap votlendisins beggja vegna vegarins þar sem vatn á greiðari leið í gegnum vegfyllinguna og inn í árósin. Því léttari sem vegfyllingin er því minna sig verður í undirstöðunni og minni breyting á lekt. Þá má einnig nota jarðdúka og net (e. Geotextile) til að dreifa betur álagi sem undirstaðan verður fyrir. Reynt verður að komast hjá því að grafa nýja skurði þar sem kostur er og hugað að því að rennsli eigi sem greiðasta leið í gegnum vegfyllingu, ræsi sett í farvegi, skurði og lægðir og jarðdúkur notaður þar sem við á. Ofangreindar aðgerðir eru notaðar við framkvæmdir á Hringveg um Hornafjörð og eiga einnig við þá vegtengingar sem eru til umfjöllunar hér.

Með nýrri útfærslu á hringtorgi (F) hefur nýtt rask verið minnkað töluvert frá fyrri hugmyndum að hringtorgum (G og H) auk þess sem hringtorgið hefur verið fært fjær Skarðsfirði og er að stórum hluta í núverandi vegstæði eða rétt ofan við það. Talið er að



færsla vegarins fjær Skarðsfirði minnki almennt líkur á neikvæðum áhrifum á árósin. Umfang áhrifa á árósin eru ekki talin líkleg til að valda því að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott vistfræðilegt ástand.

Eins og fram kemur í umfjöllun um grunnvatnshlotin þá verða gerðar ráðstafanir á framkvæmdatíma til að forðast mengunarslys og fyrirbyggja dreifingu mengunar ef berst út í umhverfið. Það sama á við um yfirborðsvatnshlot eins og grunnvatnshlot að ekki má losa ýmis mengandi efni og forgangsefni í það sbr. töflur 14-16 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (2024). Með því eru valkostir ekki líklegir til að hafa þau áhrif að yfirborðsvatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott efnafræðilegt ástand.

Niðurstaða mats:


Valkostir fela í sér risk á votlendi sem geta haft áhrif á vatnsbúskap þess. Með nýrri útfærslu hringtorgs (F) er dregið töluvert úr nýju riski auk þess sem það liggur fjær Skarðsfirði. Umfang áhrifa eru ekki líkleg til að valda því að grunn- og yfirborðsvatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Áhrifin eru staðbundin en eru til langs tíma og að einhverju leyti óafturkræf. Áhrif hringtorgs F eru metin óveruleg.

Áhrif á vatnshlot			
Lýsing áhrifa	Risk á votlendi getur haft áhrif á vatnsbúskap. Með hringtorgi F er dregið úr umfangi á nýju riski. Litlar líkur á uppsöfnun mengunar.		
Mótvægisáðgerðir	Verklag til að draga úr áhrifum vega á vatnsstöðuna við veltengingarnar ásamt verklagi vegna mengunarhættu.		
Niðurstaða	Upprunaleg tillaga	Hringtorgslausn G og H	Hringtorgslausn F
	Óveruleg áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif

7.4 Áhrif á landnotkun

Samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030 er landnotkun á framkvæmdasvæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Hjóla-, göngu- og reiðstígur liggur neðan fyrirhugaðs Hringvegar. Í öllum valkostum verður útbúin þverun vegna hjóla-, göngu- og reiðstígs á svæðinu. Aðgengi um stíginn mun því ekki skerðast þegar til langs tíma er litið. Þó má búast við einhverri skerðingu og ónæði við stíginn á meðan á framkvæmdum stendur. Líkt og kemur fram í kafla 2 um forsendur framkvæmdar er hringtorgslausn talin öruggari fyrir vegfarendur stígsins og á það við um allar útfærslur hringtorga. Með hringtorgi væri umferðarhraði, á þeim stað sem þverun stígsins er, mun hægari og öruggari í stað þess að þvera mjög hraða umferð (90 km/klst) Hringvegarins líkt og upprunaleg tillaga gerir ráð fyrir.

Allir valkostir eru innan svæðis sem er skilgreint sem aðrar náttúruminjar á Náttúruminjaskrá (C-hluti) (mynd 7.10). Um er að ræða svæðið Skarðsfjörður en verndargildi þess felst einkum í lífauðugum leirum og grunnsævi með miklu fuglalífi (Umhverfisstofnun, 2024). Með hringtorgi F hafa gatnamótin verið færð og liggja nú í jaðri svæðisins og utan þess að hluta.



Mynd 7.10 Hringtorg F ásamt öðrum náttúruminum (C-hluti náttúruminjaskrár), og tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á framkvæmdahluta náttúruminjaskrár (B-hluti).

Náttúrufræðistofnun hefur sömuleiðis lagt til tvö svæði, sem framkvæmdarsvæðið liggur innan, á framkvæmdahluta náttúruminjaskrár (B-hluta) (mynd 7.10). Stjórnvöld hafa ekki lokið málsmeðferð á tillögum Náttúrufræðistofnunar. Á kortasjá náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun, 2024) er skilgreint eitt undirsvæði en þau eru skilgreind til að draga fram forgangsvistgerðir eða fuglategundir sem eru einkennandi fyrir afmarkað svæði. Ekki er ætlunin að undirsvæði standi sem sjálfstæð verndarsvæði. Svæðin sem hafa verið lögð til á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár eru eftirfarandi:

- Hornafjörður-Kolgríma sem er 183,81 km² að stærð og er tilnefnt vegna vistgerða, fjöruvistgerða og fugla.



- Skarðsfjörður sem er 58,71 km² að stærð og er tilnefnt vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla.
- Undirsvæði – Höfn í Hornafirði, 1,21 km², og felst verndargildi svæðis í sandmaðksleirum, gulförungaleirum og skeraleirum.

Valkostir eru innan svæðanna Hornafjörður-Kolgríma og Skarðsfjörður. Ekki verður beint rask innan undirsvæðisins.

Niðurstaða mats:

Valkostir koma ekki til með að skerða aðgengi vegfarenda hjóla-, göngu- og reiðstígs þegar til langs tíma er litið. Búast má við ónæði og skerðingu aðgengis að einhverju leyti á framkvæmdatíma. Áhrif eru metin staðbundin og tímabundin.

Líkt og kemur fram í köflum 7.1 og 7.3 um lífríki og vatnshlot má búast við staðbundnum áhrifum á þeim þáttum sem verndargildi svæða á náttúruminjaskrá felast í. Áhrif eru metin staðbundin en eru til langs tíma og eru metin óveruleg til neikvæð. Þó hringtorg F fái sömu vægiseinkunn og aðrar útfærslur hefur umfang áhrifa á svæði á náttúruminjaskrá minnkað með tilfærslu gatnamóta.

Áhrif á landnotkun	
Lýsing áhrifa	Tímabundin áhrif á aðgengi um göngu-, hjóla- og reiðstíg. Með hringtorgi F hefur áhrif á svæði á C-hluta náttúruminjaskrár (C-hluta) verið lágmarkað.
Mótvægisáðgerðir	Sjá mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á lífríki.
Niðurstaða	Upprunaleg tillaga
	Hringtorgslausn G&H
	Hringtorgslausn F
	Óveruleg til neikvæð áhrif
	Óveruleg til neikvæð áhrif
	Óveruleg til neikvæð áhrif

8

Samráð

Vegagerðin hefur m.a. átt samtal við Sveitarfélagið Hornafjörð, Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands við undirbúning matsskyldufyrirspurnar. Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu mun hún leita umsagna til umsagnaraðila eftir því sem við á eftir eðli máls hverju sinni, svo sem til fagstofnana og leyfisveitenda.

9

Niðurstaða mats

Með breyttri útfærslu gatnamóta, með hringtorgi F, hefur umfang áhrifa á lífríki minnkað. Áhrif hringtorgsins í heild eru líkleg til að vera óveruleg til neikvæð.

Tafla 9.1 Samantekt yfir áhrif framkvæmda á einstaka umhverfisþætti.

	Lífíki	Fornleifar	Vatnshlot	Landnotkun
Hringtorgslausn F	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif
Valkostur um upprunalega tillögu að tengingum	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif
Hringtorgslausn G og H	Neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif	Óveruleg til neikvæð áhrif

Í öllum valkostum fela tengingar við Hringveg í sér rask á vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vegkaflinn sem um ræðir er innan svæðis sem er skilgreint sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá og innan svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til



að verði sett inn á framkvæmdahluta náttúruminjaskár. Verndargildi þessa svæða felast einkum í vistgerðum, leirum og fuglalífi. Með hringtorgi F hefur verið dregið úr nýju raski samanborið við fyrri hugmyndir að gatnamótum, en það liggur að hluta innan núverandi vegstæðis. Ekki verður rask á sjávarfitjungsvisi og gulstararfitjavist, sem hafa mjög hátt verndargildi og eru taldar fágætar á landsvísi. Ekki verður rask á leirum og fitjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Rask verður á votlendi en valkostir hafa ekki áhrif á votlendi sem falla undir stærðarviðmið náttúruverndarlaganna um sérstaka vernd. Með hringtorgi F hafa gatnamótin færst fjær Skarðsfirði sem minnkar almennt líkur á neikvæðum áhrifum á árósin og svæðið á C-hluta náttúruminjaskrár.

Í tengslum við framkvæmdir við nýjan Hringveg um Hornafjörð hafa verið skilgreindar mótvægisáðgerðir vegna rasks á lífríki og vegna vatnabúskaps við veginn og munu þær áðgerðir einnig gilda um breytt gatnamót. Mótvægisáðgerðirnar felast einkum í vönduðum frágangi þeirra svæða sem verða raskað við vegagerðina og að dregið verði úr raski eins og kostur er. Á grónum svæðum verður reynt að græða upp öll sár og allt jarðrask og verður notast við gróðurtegundir sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Ekki verður sáð á stöðum þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða. Unnið verður að endurheimt votlendis. Vegagerðin og Umhverfisstofnun hafa gert með sér samstarfssamning hvað varðar útfærslu á frágangi framkvæmdasvæða. Að lokinni uppgræðslu verður fylgst með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu.

Fornleifar liggja nálægt fyrirhuguðum breytingum á gatnamótum. Með breyttri útfærslu verður rask á fornleifum, garðlagi (Dilksnes 159472 20-4). Framkvæmd mun ekki skerða aðgengi vegfarenda um hjóla-, göngu- og reiðstígs á svæðinu þegar til langs tíma er litið en búast má við ónæði á meðan á framkvæmdum stendur.

Framkvæmdin kallar ekki á aðalskipulagsbreytingu en breytingarnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Að teknu tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar framkvæmdarinnar telur Vegagerðin að breytingin á gatnamótum feli ekki í sér matsskylda framkvæmd samkvæmt lögum nr. 111/2021. Áhrif hennar eru staðbundin og teljast ekki umtalsverð í skilningi laganna. Í þessu skjali hafa verið sett fram ítarleg og greinargóð gögn um breytingu á framkvæmd, staðsetningu hennar, ásamt umfangi og eðli mögulegra áhrifa framkvæmdar. Tilgreindar eru mótvægisáðgerðir til að bregðast við neikvæðum áhrifum og hvaða vöktun verði viðhöfð. Frekara umhverfismat framkvæmdar er ekki líklegt til að bæta miklu við fyrirbyggjandi gögn.



10 Heimildir

- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. . (2016). Vistgerðir á Íslandi. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54.* .
- Náttúrufræðistofnun. (2024. september 2024). *Land*. Sótt frá <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>
- Náttúrufræðistofnun. (19. september 2024). *Náttúruminjaskrá*. Sótt frá <https://natturuminjaskra.ni.is/>
- Náttúrufræðistofnun. (19. september 2024). *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði*. Sótt frá <https://vistgerdakort.ni.is/>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (12. september 2024). *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Sótt frá <https://vistgerdakort.ni.is/>
- Náttúrustofa Suðausturlands. (2024). *Athugun á vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna breytinga á Þjóðvegi 1 nærri Höfn í Hornafirði*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Náttúrustofa Suðausturlands. (2024). *Kortlagning gulstararfitjavistar á framkvæmdasvæði vegna breytinga á Þjóðvegi 1 nærri Höfn í Hornafirði*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun. (2024). *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun. (19. september 2024). *Náttúruminjaskrá*. Sótt frá <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>
- Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála. (2022). *Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027*. Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands. (2021). *Vatnavefsjá*. Sótt frá <https://vatnavefsja.vedur.is/#>
- Vegagerðin. (2010). *Veghönnunarreglur*. Vegagerðin.
- Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf. (2009). *Hringvegur um Hornafjörð. Matsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum*. Vegagerðin.